

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 17. mars 2020

Umsögn LÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa, 664. mál.

Samfélagið allt er að aðlagast fordæmalausu ástandi vegna heimsfaraldurs COVID-19 sem og samkomu- og ferðabannsins sem faraldrinum hefur fylgt. Hann hefur víðtæk áhrif, þar á meðal á fjárhagsöryggi stúdenta. Á tímum sem þessum er nauðsynlegt að stjórnvöld grípi til aðgerða til þess að lágmarka neikvæð áhrif faraldursins á hagkerfið. Það er því fagnaðarefni að sjá bæði frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa sem og frumvarp um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví. Í báðum frumvörpum þyrfti þó að taka sérstakt tillit til stúdenta en slíkt tillit er ekki að finna í frumvörpunum eins og þau líta út í dag.

Stúdentar hérlendis treysta á tekjur í hlutastarfi til þess að framfleyta sér meðfram námi og vinna mun meira en kollegar þeirra í nágrannalöndum eins og margumrædd könnun EUROSTUDENT VI leiddi í ljós. Rúmur helmingur stúdenta vinnur allt skólaárið og kom einnig fram í niðurstöðum könnunarinnar að 71% þeirra sem vinna með námi gera það að öllu eða miklu leyti til þess að eiga efni á námi¹.

Nú vofir COVID-19 váin yfir vinnandi stúdentum sem eiga mögulega margir von á að missa vinnuna vegna faraldursins. Stúdentar eiga almennt ekki rétt á atvinnuleysisbótum og eru þeir stúdentar sem eru bæði í námi og vinnu því undanskildir þeim björgum sem frumvarpið færir. Í ljósi þeirra fordæmalausu aðstæðna sem COVID-19 faraldurinn hefur í för með sér væri eðlilegt að stúdentum væri tryggður sami réttur og öðrum launamönnum og þeir gætu sótt í sambærilegan sjóð og þeir sem sækja í atvinnuleysistryggingasjóð ákveði vinnuveitandi að minnka starfshlutfall þeirra eða skera niður þær vaktir sem þeim höfðu verið lofaðar.

¹ Sjá niðurstöður EUROSTUDENT VI á bls. 16 og 17 hér:
<https://www.stiornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2d86daef-4fb1-11e8-942b-005056bc530c>

Svipaða sögu má segja af frumvarpi til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir. Í frumvarpinu þarf að vera skýrt að stúdentum sem sinna hlutastörfum og eru jafnvel ekki með fast hlutastarf heldur breytilegar vaktir, sé tryggður sami réttur og öðrum. Greiðslur þurfa þá að vera framkvæmdar með tilliti til áður fyrirhugaðra vakta.

LÍS þakka fyrir skjót viðbrögð stjórnvalda sem miða að því að lágmarka áhrif COVID-19 faraldursins á íslenskt hagkerfi og vonast til þess að aðgerðirnar verði stúdentum í hag, rétt eins og öðrum samfélagsþegnum.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta,

Sigrún Jónsdóttir

Sigrún Jónsdóttir, forseti LÍS